

Nd.

667. Breytingartillögur

við frumvarp til laga um þingsköp Alþingis.

Flutningsmaður: Bjarni Jónsson frá Vogu.

1. Við 11. gr.

Á eftir »Alþingistiðindanna« í síðari málsgrein 11. gr. komi:
lesa prófarkir af þeim.

2. Við 16. gr.

Orðin: »og skal ritarinn vera framsögumaður.

Fastanefndir kjósa ritara fyrir hvert mál, sem þær fjalla um, og er hann framsögumaður þess máls« í 9. og 10. málsgrein 16. greinar, falli burt.

3. Við 23. gr.

Aftan við greinina komi:

og skal leita atkvæða um frumvarpið í heild sinni með nafnakalli.

4. Við 32. gr.

Á eftir »þurfa« í síðustu málsgrein 32. greinar komi:
við þriðju umræðu fjárlaganna.